

Fundargerð



MÝVATN

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps. *48. fundur.*

að Hlíðavegi 6, fimmtudaginn 24. jan. 2013, kl 13:30.

DAGSKRÁ:

1. Fundarsetning.
2. Álagningarreglur fasteigna- og þjónustugjalda 2013
3. Fyrirtækjalisti vegna sorpgjalda 2013
4. Málefni Hvamms dvalarheimilis aldraðra.
5. Erindi frá nefndarsviði Alþingis ósk um umsögn um frumvarp til laga um náttúruvernd (heildarlög) 429. mál.
6. Lántaka.
7. Fundargerð Félags-og menningamálanefndar dags. 14. jan.
8. Gjaldskrár.
9. Tilnefning í samráðshóp um framtíðarskipulag úrgangsmála í Þingeyjarsýslum.

Til kynningar:

Fundargerð stjórnar Eypings dags. 11. des. s.l.

Fundargerðir nefndar um skipulag Eypings og sóknaráætlun dags. 6, 13, 23. nóv. s.l.

Mættir: Dagbjört Bjarnadóttir, Böðvar Pétursson, Karl Emil Sveinsson, Pétur Snæbjörnsson, Friðrik K. Jakobsson. Sveitarstjóri ritaði fundargerð.

1. Fundarsetning.

Oddviti setti fund og óskaði eftir að máli 9, yrði bætt á dagskrána. Samþykkt samhljóða.

2. Álagningarreglur fasteigna- og þjónustugjalda 2013

Oddviti gerði eftirfarandi tillögu um fasteigna- og þjónustugjöld fyrir árið 2013 ásamt afsláttarreglum.

Álagningarreglur fasteigna- og þjónustugjalda 2013.

- a) Fasteignaskattur samkvæmt a-lið 3. greinar laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995, með síðari breytingum. 0,625% af fasteignamati.
- b) Fasteignaskattur samkvæmt b-lið 3. greinar sömu laga, 1,32% af fasteignamati.
- c) Fasteignaskattur samkvæmt c-lið 3. greinar sömu laga, 1,65% af fasteignamati.
- d) Vatnsgjald, 0,15% af fasteignamati.
- e) Holræsagjald, 0,225% af fasteignamati.
- f) Lóðaleiga, kr. 10,00 á m².

Gjalddagar ofangreindra gjalda umfram kr. 15.000- verði 8, sá fyrsti 1. mars. 2013. Gjalddagi gjalda undir kr. 15.000- verði 1. maí.

Verði fasteignagjöld að fullu greidd fyrir eindaga fyrstu greiðslu sem er 31. mars 2013, verður veittur 3,5% staðgreiðsluafsláttur. Þeir sem vilja nýta sér afsláttinn, vinsamlega hafi samband við skrifstofu hreppsins.

Fasteignaskattur af íbúðarhúsnæði, sem eigandi býr í, skal felldur niður/lækkaður hjá elli- og örorkulífeyrisþegum samkv. eftirfarandi reglum:

100% lækkun:

Einstaklingar með (peninga) tekjur allt að kr. 2.550.000-
Hjón með (peninga) tekjur allt að kr. 3.560.000-

80% lækkun:

Einstaklingar með (peninga) tekjur allt að kr. 2.550.000- til kr. 2.930.000-
Hjón með (peninga) tekjur allt að kr. 3.560.000- til kr. 3.970.000-

50% lækkun:

Einstaklingar með (peninga) tekjur allt að kr. 2.930.000- til kr. 3.410.000-
Hjón með (peninga) tekjur allt að kr. 3.970.000- til kr. 4.740.000-

Áður en niðurfelling eða lækkun á sér stað, þarf að koma fram umsókn þar um, ásamt staðfestu afriti af skattaframtali 2012 og berist skrifstofu Skútustaðahrepps að Hlíðavegi 6, þegar að framtali loknu.

Sorphirðugjöld:

A.) Íbúðir

Sorphirðugjald kr. 36.200- á íbúð

B.) Fyrirtæki.

Sorphirðugjald er samkvæmt eftirfarandi flokkun.

Flokkur a) kr. 36.200,-
b) kr. 99.600,-
c) kr. 181.600,-
d) kr. 333.200,-
e) kr. 650.000,-
f) kr. 985.700,-

Sveitarstjórn raðar fyrirtækjum í flokka eftir eðli og umfangi starfsemi þeirra.

Ákveðið hefur verið að innheimta heilbrigðiseftirlits- og umhverfisgjöld af fyrirtækjum vegna gjaldaársins 2013, sem heimilt er samkv. lögum.

Greiðsluseðlar verða sendir mánaðarlega.

Samþykkt samhljóða. Gjaldskrárhlutunum vísað til síðari umræðu.

3. Fyrirtækjalisti vegna sorpgjalda 2013

Lagður fram innheimtulisti vegna sorpgjalda á fyrirtæki. Ljóst er að við núverandi aðstæður þá duga tekjur af sorphirðu ekki fyrir útgjöldum. Því þarf að endurskoða tekjugrundvöll vegna þessa.

Fyrirtækjalistinn samþykktur samhljóða.

4. Málefni Hvamms dvalarheimilis aldraðra.

Á fundi stjórnar Hvamms 15. janúar s.l. eru tekin fyrir tvö mál. Annars vegar málefni fyrrverandi framkvæmdastjóra Soffíu Önnu Steinarsdóttir og hins vegar fjárkrafa Helenu Jónsdóttur fyrrverandi hjúkrunarstjóra Hvamms vegna meintra vangreiddra launa fyrir bakvaktir árána 2009-2011, ríflega 12 milljónir kr. án vaxta. Sveitarstjórn felur stjórn dvalarheimilisins að gæta hagsmuna Hvamms í málinu, sbr. fyrirbyggjandi fundargerð.

5. Erindi frá nefndarsviði Alþingis ósk um umsögn um frumvarp til laga um náttúruvernd (heildarlög) 429. mál.

Fyrir fundinum liggja drög að frumvarpi til nýrra náttúruverndarlaga. Umsögn þarf að skila fyrir 8. febrúar. Sveitarstjóra falið að senda inn umsögn fyrir þann tíma.

6. Lántaka.

Sveitarstjórn samþykkir að fela sveitarstjóra að sækja um 30. millj. kr. lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga eða annarri lánastofnun sbr. forsendur fjárhagsáætlunar 2013. Jafnframt er sveitarstjóra gefin heimild til að óska eftir 20. millj. kr. yfirdrætti hjá Sparisjóði Þingeyinga.

7. Fundargerð Félags- og menningamálanefndar dags. 14. jan.

Í öðrum lið fundargerðarinnar kemur fram að menningarfulltrúi Eyþings Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir hafi mætt til fundarins og kynnt fyrir fundarmönnum hvernig hægt væri að móta menningarstefnu og reglur um úthlutun á styrkjum. Nefndin mun vinna úr þeim upplýsingum sem fram komu á fundinum og gera uppkast að reglum og stefnu.

Fundargerðin þarfnast ekki ályktunar við.

8. Gjaldskrár.

Teknar til síðari umræðu hækkunar á gjaldskrár leik- og tónlistaskóla en hækkunin nemur 5% frá fyrra ári. Gjaldskrárnar má nálgast á heimasíðu sveitarfélagsins. Sveitarstjórn samþykkir fyrirbyggjandi gjaldskrár.

9. Tilnefning í samráðshóp m framtíðarskipulag úrgangsmála í Þingeyjarsýslum.

Á aukahluthafafundi Sorpsamlags Þingeyinga í árslok 2012 var samþykkt að stofna samráðshóp um framtíðarskipulag úrgangamála í Þingeyjarsýslum. Sveitarstjórn samþykkir að tilnefna Birgi Steingrímsson.

Fleira ekki gert.
Fundi slitið.
Dagbjört Bjarnadóttir,
Böðvar Pétursson,
Karl Emil Sveinsson,
Pétur Snæbjörnsson,
Friðrik K. Jakobsson.